



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Hugvísindasvið**

## **Istik**

***Þýðing á eistnesku á hluta af Afleggjaranum  
eftir Auði Övu Ólafsdóttur***

**Ritgerð til BA-prófs í íslensku sem öðru máli**

**Kristi Štrik**

**Maí 2015**

**Háskóli Íslands**  
**Hugvísindasvið**  
**Íslenska sem annað mál**

## **Istik**

*Pýðing á eistnesku á hluta af Afleggjaranum  
eftir Auði Övu Ólafsdóttur*

**Ritgerð til BA prófs í íslensku sem öðru máli**

**Kristi Štrik**  
**Kt.: 271184-4259**

**Leiðbeinandi: Þóra Björk Hjartardóttir**  
**Maí 2015**

## Útdráttur

Þessi BA ritgerð er þýðing á skáldsögunni *Afleggjaranum* eftir Auði Övu Ólafsdóttur. Þýddir eru kaflar fjögur til tólf, úr íslensku yfir á eistnesku. Ritgerðinni er skipt í tvennt, fyrri hluti er inngangur að þýðingunni sem einbeitir sér að þýðingarerfiðleikum og lausnum á þeim, seinni hluti er þýðingin sjálf.

Höfundur ritgerðarinnar finnst skáldsagan algjör meistaraverk og hefur mikinn áhuga á að prófa að koma þessari margverðlaunaðri fallegu bók til eistneskra lesenda á næstunni. Að byrja þessa aðgerð í BA ritgerðinni er gott tækifæri og góð leið til þess að komast af stað.

Ég vil sérstaklega þakka leiðbeinanda mínum, Þóru Björk Hjartardóttur, fyrir góða leiðsögn og nákvæmar útskýringar á orðasamböndum og blæbrigðum orða.

## Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	1
1.1 Um höfundinn .....	1
1.2 Um bókina.....	1
1.3 Stíll skáldsögunnar.....	2
2. Aðferð og þýðingarferlið .....	3
2.1 Aðferð .....	3
2.2 Þýðingarferlið .....	4
3. Þýðingarvandamálín og lausnir .....	6
3.1 Inngangur .....	6
3.2 Málkerfisbundin þýðingarvandamál .....	6
3.2.1 Langar setningar og orðaröð .....	6
3.2.2 Hættir og horf .....	9
3.2.3 Innskot og úrfellingar .....	11
3.3 Orðfræðileg þýðingarvandamál .....	14
3.3.1 Þýðing milli orðaflokka.....	14
3.3.2 Þýðing sagna .....	16
3.3.3 Þýðing lýsingarorða og atviksorða.....	18
3.3.4 Myndmál, orðatiltæki og orðasambönd .....	19
3.4 Menningarleg þýðingarvandamál .....	19
3.4.1 Séríslensk náttúra og þýðing á náttúruorðum .....	19
3.4.2 Tilvísanir í íslenska menningu .....	20
3.5 Samantekt.....	22
Lokaorð.....	23
Heimildaskrá.....	24
Þýðingin.....	25

# 1. Inngangur

Þessi BA ritgerð er þýðing skáldsögunnar *Afleggjarinn* eftir Auði Övu Ólafsdóttir og inngangur að þýðingunni á eistnesku. Í innganginum að þýðingunni er fjallað um hvernig þýðandinn hefur nálgast efnið, hvaða þýðingafræðikenningar eru notaðar og einnig eru greind helstu vandamál sem komu upp á í ferlinu og hvernig þýðandinn hefur leyst þau.

Í þessum kafla verður fjallað um rithöfundinn, skáldsöguna og stíl hennar. Í 2. kafla verða kynntar nánar þær þýðingafræðikenningar sem hafa verið notaðar. 3. kafla er greinagerð um þýðingarvandamál en í þýðingarferlinu komu upp málkerfisbundin, orðfræðileg og menningarleg vandamál. Síðasta hluti ritgerðarinnar er þýðingin sjálf.

## 1.1 Um höfundinn

Auður Ava Ólafsdóttir (f. 1958) er rithöfundur og listfræðingur. Fyrst og fremst hefur hún gefið út skáldsögur, en líka eina ljóðabók og auk þess skrifað nokkur leikrit.<sup>1</sup> Aðalviðfangsefni í skáldsögunum hennar, og *Afleggjarinn* er hér engin undantekning, eru ást og mannleg samskipti, það síðasta sérstaklega í fjölskylduböndum. Einnig hefur trú mikilvægt hlutverk í sögunum hennar en rithöfundur sjálf er kaþólsk og í sögunum, meðal annars í *Afleggjaranum*, má finna ýmis tákni úr kristinni trú og Biblíunni. Bókmenntaverk hennar hafa verið þýdd á ólík tungumál, þau hafa fengið verðlaun bæði á Íslandi og erlendis og líka verið tilnefnd til ýmissa verðlauna og fyrir *Afleggjarinn* hefur rithöfundurinn fengið flest verðlaun.<sup>2</sup> *Afleggjarinn* er örugglega þess vegna þekktasta skáldsagan hennar, og hefur bókinni verið sögð vera ein fyrir ein „af sterkustu skáldsögum ársins 2007“<sup>3</sup>.

## 1.2 Um bókina

*Afleggjarinn* er grípandi skáldsaga, sem að mati Björn Þór Vilhjálmssonar „býður upp á frjósama spennu milli hins trúarlega og hins veraldlega“<sup>4</sup>. Í skáldsögunni eru

---

<sup>1</sup> Þjóðleikhúsið

<sup>2</sup> Bókmenntir.is 2011

<sup>3</sup> Miðstöð íslenskra bókmennta

<sup>4</sup> Björn Þór Vilhjálmsson 2008:107

brugðið upp svipmyndum úr lífi ungs karlmanns sem er að flytja að heiman að vinna í þekktum rósagarði í útlöndum. Hann tekur með sér þrjá rósaaflleggjara. Í sögunni kemur ekki beinlínis fram til hvaða lands aðalpersónan flytur en með ýmsum ábendingum í textanum geta lesendur giskað á það.

Á sama tíma þegar sagt er frá ferð hans til útlanda og nýrri reynslu eru líka atvik úr fortíð hans vafin inn í söguna á listrænan hátt, minningar sem skipta máli koma aftur og aftur í huga aðalpersónunnar og vekja alls kyns hugsanir hjá honum um lífið og tilveruna og jafnvel ýmislegt annað. Af þeim ástæðum er bókin að vissu leyti afar heimspekilegur lestur. Líf aðalpersónunnar má teljast vera nokkuð óvenjulegt – hann á þroskaheftan tvíburabróður, tæplega 80 ára gamlan föður og dóttur eftir skyndikynni. Mamma hans hafði dáið í bílslysi tveimur árum fyrir og þess vegna hefur dauðinn mjög mikilvægt hlutverk í bókinni, fyrir frásögn og skilning sögunnar. Auk þess skipta líka máli matreiðsla, plöntur, mannlíkami og (íslenska) náttúra.

Textinn er fullur af táknum af ólíku tagi og þessi tákn eru oft falin í textanum á svo snjallan hátt að það er ekki alltaf hægt að taka eftir öllum þeim í fyrsta lestri. Finna má margar tilvísanir í Biblíuna annað hvort beint eða óbeint með þessum táknum.

### 1.3 Stíll skáldsögunnar

Stíllinn *Afleggjarans* er almennt einkennilegur, langar setningar með aðal- og aukasetningum, óvenjuleg notkun orða í óvenjulegu samhengi, með tilvísunum til íslenskrar menningar. Allt þetta og jafnvel margvísleg táknið gera bókina mjög áhugaverða skáldsögu og skemmtilegan lestur. Myndmál, orðatiltæki og orðasambönd koma oft fyrir í textanum. Nákvæmlega sömu atriði gera þennan texta erfiðan að þýða en á sama tíma er þetta spennandi viðfangsefni til rannsóknar.

Auður Ava Ólafsdóttir hefur sjálf sagt um bókina og stíl hennar:

Það er ekki allt rökrænt í sálarlífi mannsins. Þess vegna er bókin full af dálítið ólíkindalegum mannlegum samskiptum, það eru margar u-beygjur í þessari bók, efnislegar, sálrænar og þær endurspeglast líka í stílnum.<sup>5</sup>

---

<sup>5</sup>Einar Falur Ingólfsson 2007

## 2. Aðferð og þýðingarferlið

### 2.1 Aðferð

Í þýðingu *Afleggjarans* notar þýðandinn kenningu Eugene Nida sem heitir á íslensku *áhrifajafngildi*<sup>6</sup> (e. *dynamic equivalence*). Eins og Nida segir, er hlutverk þýðanda að stefna á það að koma textanum til skila eins eðlilega og hægt er í markmálinu. Til þess að lesendur, í sínum aðstæðum og menningu, skilji textann og alla þætti hans, boðskap og stíl, eru minni háttar breytingar leyfðar í þýðingu<sup>7</sup>. Auk kenningu Nida eru líka kenningar Katharinu Reiss notaðar en þær styða hugmyndir Nida að mestu leyti.

Reiss talar um að það sé mikilvægt að greina textategund (e. *text-type*), textaafbrigði (e. *text-variety*) og sérstöðu textans jafnvel og hlutverk textans í frummáli og þá hefur þýðandi mikilvægasta verkfærið í höndunum að nálgast textann.<sup>8</sup> Nida talar um þrjá þætti sem þýðandi þarf að hafa í huga í þýðingarferlinu: eðli skilaboða, markmið höfundar og gegnum það markmið þýðanda; og ekki síst hóp lesenda. Hópur lesenda í þessu tilviki er aðallega áhugafólk um fagurbókmenntir (og/eða um Ísland), væntanlega fullorðnir<sup>9</sup>. Fyrir þennan hóp er Ísland land langt í burtu og allt öðruvísi sérstaklega hvað varðar landslag og náttúru, en í skáldsögunni er því mikið lýst. Í þessari ritgerð er einn undirkafla tileinkaður séríslenskri náttúru og náttúruorðum og hvernig tókst að þýða þau.

Reiss skiptir textategundum í þrennt:

1. upplýsandi texti (e. *informative*) – innihald textans er mikilvægast;
2. tjáningartexti (e. *expressive*) – listrænt gildi textans er mikilvægast;
3. virkjandi texti (e. *operative*) – textinn hefur sannfærandi hlutverk.

Skáldsagan, sem dæmigert fagurbókmenntaverk, tilheyrir í tjáningarríkri textategund og þýðingin á líka þá að þjóna sömu listrænum tilgangi.

Í næsta skrefi leggur Reiss áherslu á að þýðandi vanmeti ekki textaafbrigði – uppbygging og ritunarhefðir eru ólík í ólíkum tungumálum – og Reiss varar við að siðvenjur frummáls færast ekki yfir með þýðingu á markmálið.<sup>10</sup> Nida segir það sama: þýðingin á að vera frjáls úr sínu upprunalega samhengi. Hér eru bæði Nida og Reiss á

---

<sup>6</sup> Ástráður Eysteinnsson 1996:91

<sup>7</sup> Nida 2004:155–156

<sup>8</sup> Reiss 2004:169–174

<sup>9</sup> Nida 2004:154–155

<sup>10</sup> Reiss 2004:170-175

þeirri skoðun að það þarf að taka tillit til greinar munar milli frumtextans og markttextans og aðlagatextann þannig að hann verði eðlilegur í markmálinu.<sup>11</sup>

Þriðja og síðasta mikilvæga skref hjá Reiss er skilgreining á stílnum, þ.e. að þýðandi þarf að hafa í huga alla þætti textans, minnstu einingar (t.d. orð) sem stærri (t.d. kafla) og auk þess uppbyggingu. Kjarni viðkomandi texta er einmitt stíll, eins og oftast í fagurbókmenntum. Um endursköpun stíls í markmálinu verður einnig fjallað um meira í þriðja kafla með vísun í ólík dæmi. Reiss telur þess háttar greinagerð sérstaklega mikilvæga þar sem þýðandi stýrist af textategund (í þessu tilviki tjáningartexta) og textaafbrigði og þess vegna þarf hann að koma listrænu eðli textans í markmálinu til skila í þýðingunni<sup>12</sup>.

Nida telur þýðinguna vel heppnaða ef hún mættir þessum skilyrðum: Hún á að vera skiljanleg og boðskapur frumtextans komi fram í þýðingunni. Tjáning sé ennfremur eðlileg og skapa líkar viðtökur í markmálinu eins og í frummálinu.<sup>13</sup> Í því sem fram hefur komið í þessum kafla um þessar tvær þýðingafræðikenningar má segja að þær passi býsna vel í það samhengi sem bókin er skrifuð og þýdd yfir á, þær styðja markmið þýðingarinnar og gefa góðar vísbendingar um hvernig er best að nálgast þessi markmið.

## 2.2 Þýðingarferlið

Í þýðingarferlinu notaði þýðandinn mörg ólík gögn. Því miður eru ekki til neinar orðabækur frá íslensku á eistnesku og öfugt þannig að önnur tungumál sem þýðandi þekkir, enska og sænska, voru þýðandanum mjög hjálplegar. Flest íslenskar orðabækur sem þýðandinn notaði voru á vefsíðunni *www.snara.is*.

Þýðandinn var meðvitaður um eðli textans og stíl skáldsögunnar. Mörgu var ekki hægt að fletta upp í orðabókum eða var ruglingslegt í þýðingu þar sem blæbrigði orða komu ekki fram í orðabókum. Þess vegna þurftu mörg orð og orðasambönd nákvæmari útskýringu íslenskra málhafa.

Í þýðingarferlinu vöknudu líka efasemdir og spurningar um móðurmál þýðandans og þá voru notaðar netútgáfa *Eistnesku stafsetningarorðabókarinnar* og vefsíða Stofnunar eistneskrar tungu. Í skáldsögunni er að finna mörg orð úr líffræði sem voru meira

---

<sup>11</sup>Nida 2004:156–163; Reiss 2004:168

<sup>12</sup> Reiss 2004:174–175

<sup>13</sup> Nida 2004:160



krefjandi og tók lengra tíma að þýða þau yfir á eistnesku en hér var alnetið mikilvægasta og þægilegasta hjálpargagnið.

Sérkennileg notkun orða var oft ástæða til þess að þýðandinn fór að velta fyrir sér merkingu orða og hvernig ætti að túlka þau því að á yfirborði textans fást ekki öll svör. Hér tók þýðandinn þá ákvörðun að fylgja þýðingafræðikenningunum um að stærra samhengi ræður og svör felist í efni skáldsögunnar. Dæmi um það má finna í köflum 3.2.3, 3.3.2, 3.3.3.

### 3. Þýðingarvandamálin og lausnir

#### 3.1 Inngangur

Frummál er mjög ólíkt markmáli en íslenska er indóevrópskt og eistneska finnsku-úgrískt tungumál. Þess vegna komu upp þýðingarvandamál af ýmsu tagi en þar sem menningarheimar eru líkir var ekki ómögulegt að leysa þessi vandamál sem með orðum Nida er stór kostur og auðveldar ferlið.<sup>14</sup> Líklega voru þýðingarvandamálin þess vegna mun frekar af málkerfislegum toga en menningarlegum. Í þessum kafla verða þau skoðuð betur og gefin dæmi með þýðingarlausnum.

#### 3.2 Málkerfisbundin þýðingarvandamál

Í eistnesku er hvorki til ákveðinn greinir né kyn á fallorðum. Til eru fáeinar forsetningar (eftirsetningar eru aðeins algengara í eistnesku<sup>15</sup>) en þær virka ekki eins og í íslensku, þær ráða minna varðandi föll nafnorða. Uppbygging setninga er ólík íslensku en grunnorðaröð í aðalsetningum er samt eins í eistnesku og íslensku: Frumlag er í fyrsta sæti, sögn fylgir og þá andlag. Þegar langar setningar með aukasetningum er um að ræða verður efnið miklu flóknara og orðaröð í eistnesku fer eftir setningategund og eins og í íslensku, geta aðrir þættir haft áhrif í orðaröðina: áhersluorð í setningu, atviksorð, neitun o.fl. Þannig að þýða þurfti milli setningategunda, en líka milli orðaflokka<sup>16</sup>, sleppa sumum orðum og breyta öðrum. Til þess þarf þýðandi að skilja vel hvaða orð eru kjarni setninga, hvar hefur höfundur lagt áherslu og hvað hann vill segja lesanda. Í þessum kafla eru málkerfisbundin þýðingarvandamál greind með dæmum og þýðingarlausnum.

##### 3.2.1 Langar setningar og orðaröð

Eins og kom fram í kafla 1.3 er stíll höfundarins mjög sérkennilegur sérstaklega vegna langra setninga sem eru í textanum en höfundurinn notar oft margar aukasetningar. Langar setningar í markmálinu þykja yfirleitt ekki ráðlagður stíll þar sem hættan með

---

<sup>14</sup> Nida 2004:157

<sup>15</sup> *Stofnun eistneskrar tungu*

<sup>16</sup> Samvæmt kenningu Nida er þetta leyft. Nida 2004:163

Þannig setningagerð er sú að það er miklu auðveldara að misskilja merkingu bak við orðin og/eða erfitt er að koma merkingunni til skila. Hér er samt ein undantekning: Í fagurbókmenntum eru þær víða notaðar og stíll af þessu tagi er þar algengur enda hafa rithöfundar fagurbókmennta meistaralegt vald yfir tungumálinu. Þýðandinn telur þetta atriði langerfiðast í þessari þýðingu, þ.e. að koma löngum setningum eins vel til skila í markmálinu. Auðvitað heldur þýðandinn í stíl höfundarins, hann greinir ekki setningar í sundur og reynir að koma þessum löngu setningum eins vel til skila í þýðingunni og hægt er. Í þessum undirkafla eru nefnd nokkur dæmi þar sem mismunur tungumálanna kemur vel fram.

Reglur orðaraðar eru ólíkar í markmálinu, sérstaklega varðandi fasta stöðu í setningu þegar um tvö jafngild andlög eru að ræða:

- (1) ætlaði hún að bjóða okkur /--/ uppá vöfflur með nýtíndum bláberjum og þeyttum rjóma. (bls. 19)  
 tahtis ta meile vahukoore ja värskeltkorjatud mustikatega vahvleid pakkuda.  
 ‘vildi hún okkur /--/ þeyttum rjóma og nýtíndum bláberjum með vöfflur bjóða uppá’.

Hér þarf að snúa um orðaröð og hafa *vahukoore* ‘þeyttan rjóma’ á fyrsta sæti annars væri setningin skilin þannig að rjóminn væri líka nýtíndur. Í rauninni ræður hér málfræði af því að andlög eru í aukafalli. Á íslensku tekur forsetningin *með* í þessu tilviki með sér þágufall en á eistnesku er það fallið sem er notað (e. *comitative case*) með endingu *-ga* sem er eðlilega bætt við bara á seinna andlagið.

- (2) Pabbi ekur svo hægt að ég get tékkað á trénu, það er enn þar sem ég stakk því niður, dvergfura /--/ (bls. 20)  
 Isa soidab nii aeglaselt, et ma saan tollele enda istutatud puule, mägimännile, pilgu peale heita, puu on ikka samaš kohaš, kus ma selle tookord maasse torkasin /--/  
 ‘Pabbi ekur svo hægt, að ég get á það sjálfur ræktað tré, á dvergfuru, kíkt á, tré er enn á sama stað, þar sem ég það

einu sinni í jörðinni stakk ’

Tvö andlög eru í setningunni þar sem tekið er sérstaklega fram tegund trésins í seinna andlaginu – dvergfura – Þar þarf seinna andlag fylgja með strax og vera í sama falli og fyrra andlagið (fallendingar eru undirstrikaðar í þýðingunni og forsetningar í beinu íslensku þýðingunni. Auk þess er ein eftirsetning *peale* ‘á’ sem felur í sér fallendingu *-le*).

Orðaröð í eistnesku er stundum frjálssari en í íslensku en hér geta samt blæbrigði ráðið og þess vegna þurfti þýðandinn vera mjög meðvitaður um aðaláherslur og aðalorð í setningum og hvað höfundurinn átti við. Nokkur dæmi eru um hvernig setningar með neitun í íslensku virka betur án neitunar í eistnesku og öfugt, til að halda áherslu setninganna:

- (3) Ef ekki væri fyrir litasamsetningu fatnaðar, gæti þroskaheftur  
tvíburabróðir minn verið flugstjóri (bls. 21)  
Oleks riituse värvilahendus teistsugune, vöiks minu invalidist  
kaksikvend vabalt pilot olla  
‘Væri fatnaðar litasamsetning öðruvísi, gæti minn þroskaheftur  
tvíburabróðir auðveldlega flugstjóri verið’
- (4) Mér hefur alltaf verið illa við myrkrið (bls. 47)  
Mulle ei ole kunagi pimedus meeldinud  
‘Mér ekki hefur aldrei myrkrið líkað við’

Setningar sem byrja með óákveðið frumlag *það* eru mjög algengar í íslensku en slík setningagerð er ekki til í eistnesku:

- (5) Það var ekki tekin nein stúdentsmynd af mér (bls.49)  
Minust ei tehtud mitte ühtegi löpupilti  
‘Af mér ekki gert neina einustu endamynd’

*Minust* ‘af mér’ er frumlag í eistnesku og verður í fyrstu sæti samkvæmt reglum grunnorðaraðar.

Nafnháttarsetningar eru líka mjög algengar í íslensku en ekki eðlilegar í eistnesku, þótt þær geti hugsanlega komið upp í einhverju samhengi. Bein þýðing í þessu tilviki væri óeðlileg og í eistnesku verður að nota nafnorð í staðinn:

(6) Það tók mig heilt kvöld að strauja rúmfötin (bls. 40)

Mul vöttis voodirriete triikimine terve ðhtu aega

‘Mig tók rúmfötin straujun heilt kvöld tíma’

Nafnorðið *triikimine* ‘straujun’ er sett saman úr sagnorðinu *triikima* (-*ma* er nafnháttarendingin sem fellur brott) ‘að strauja’ og viðskeytinu -*mine* en viðskeytið lýsir einmitt athöfn<sup>17</sup>.

### 3.2.2 Hættir og horf

Viðtengingarháttur er mjög algengur í íslensku. Hann er ekki eins mikið notaður í eistnesku, mest er hann notaður í óvissumerkingu. Í þessum texta er viðtengingarháttur sérstaklega mikið notaður þar sem aðalpersónan er mikill draumóramaður og hugsanir hans snúa oft um ímyndaðar aðstæður (til dæmis í dæmi nr. 3). Í staðinn fyrir viðtengingarhátt er stundum nafnháttur með háttarmyndandi hjálparsögnum notaður í eistnesku. Í óbeinni ræðu er framsöguháttur notaður og ekki viðtengingarháttur.

(7) Mig gæti til dæmis vantað egg (bls.45)

Mul vöib näiteks mune tarvis minna

‘Mig gæti til dæmis egg þörf fara’

*Vöima* ‘geta’ er hjálparsögn og fast orðasamband *tarvis minna* ‘þörf fara’ fylgir, þar sem aðalsögn *fara* er í nafnhætti, sem er notaður með hjálparsögnum. Hér væri líka hugsanlegt að nota venjulegan viðtengingarhátt með hjálparsögnina *vöiks* ‘gæti’ með viðtengingarháttarendingu -*ks* en þýðandanum þykir framsöguháttur eðlilegri þar sem eftirfylgjandi *näiteks* ‘til dæmis’ sýnir í sjálfu sér að um ímyndun er að ræða.

---

<sup>17</sup> *Stofnun eistneskrar tungu*

Óbein ræða:

- (8) og ég segi honum að eftir botnlangauppskurð sé æskilegt að borða léttan mat (bls.46)  
ja ma ütlen talle, et p̄arast pimesooleoperatsiooni on soovitatav kerget toitu s̄ūa  
'og ég segi honum, að eftir botnlangauppskurð er æskilegt léttan mat að borða'

Lokið horf I er oft þýtt yfir í framsöguhætti í eistnesku:

- (9) á leiðinni út hafði hún formálalaust boðið mér að gista hjá sér (bls. 40)  
teel poest v̄älja pakkus ta mulle ilma pikema jututa  
enda pool öömaja  
'á leiðinni úr búðinni út bauð hún mér án langrar samræðu sér hjá gistingu'
- (10) mér finnst það ekki útilokað að konan /--/ hafí fylgt mér á leiðarenda (bls. 27)  
pole v̄älistatud, et naine /--/ minuga tee löppu järgnes  
'ekki er útilokað, að kona /--/ með mér leiðar enda fylgdi'

Hvernig lokið horf II er þýtt fer oftast eftir samhengi. Til eru tvær lausnir og hér eru dæmi um þær:

- (11) Við vorum búnir að fara yfir þetta (bls. 40)  
Me oleme ju sellest juba rääkinud  
'Við erum jú um það nú þegar talað'

*Ju* er áhersluatviksorð í eistnesku og nákvæmasta þýðing í íslensku væri 'jú' en það er notað á mismunandi hátt í eistnesku. Eðlilegt er að nota það með atviksorðinu *juba*

‘nú þegar’, til að leggja enn meiri áherslu á atviksorðið. Sögn er í lýsingarhætti þátíðar, *räákinud* ‘talað’, en endingin *-nud* er endingin á lýsingarhætti þátíðar.

- (12) /--/ er hún búin að þurrka fyrir mig móðuna af speglinum (bls. 37)  
on ta minu jaoks veeauruse peegli ära kuivatada jöudnud  
‘hefur hún mig fyrir vatnsgufukenndan spegil búin þurrka náð’

Lokið horf II virkar í eistensku annað hvort með atviksorðinu *juba* ‘nú þegar’, sbr. dæmi (11), eða með því að bæta við sögnina *jöudma* ‘ná’ í lýsingarhætti þátíðar. Endapunktur er þannig sýndur í báðum tilvikum. Í dæmi (12) er aðalsögnin í nafnhætti, *kuivatada* ‘þurrka’, en endingin *-da* er ein af tveimur nafnháttarendingum sem til er í eistnesku. Samhengi ræður hvort á að nota, atviksorðið eða viðbætt sögnina. Í sumum tilvikum væri þó hægt að nota báða möguleika.

### 3.2.3 Innskot og úrfellingar

Oft þarf að bæta við orðum í eistneskri þýðingu. Ástæður þess að bæta þarf við orðum eru mismunandi. Ein er ólík málgerð íslensku og eistnesku. Eistneska hefur ekki kyn á fallorðum eins og nefnt hefur verið áður í kafla 3.2. Þess vegna þarf að bæta nafnorði við töluorð í eftirfarandi dæmi:

- (13) það eru tvær búnar að smakka (bls. 27)  
kaks stjuardessi maitsesid  
‘tvær flugfreyjur smökkuðu’

Hér í þessu dæmi myndi ekki bara talan *kaks* ‘tvö’ duga þar sem merkingin væri ekki nógu skýr og setningin hljómaði ekki eðlilega heldur. Þess vegna þarf viðbætt nafnorð að fylgja með.

Viðskeyttur greinir í íslensku ræður að mestu leyti því að bæta þarf við orðum í eistnesku. Þar sem greinir er ekki til í eistnesku þá þarf að nota útskýrandi orð í staðinn sem ber þá merkinguna sem fólgin er í tilvísun greinisins í íslensku. Slíkt orð getur ýmist staðið sjálfstætt með nafnorð eða verið fyrri liður í samsettu nafnorð. Fyrst eru dæmi um nafnorð sem verða samsett orð í eistnesku.

- (14) og keyri suður eftir í garðinn á nokkrum dögum. (bls.40)  
ja sōidan paari pævaga lōunasse kloostriaeda  
'og keyri á nokkrum dögum suður í klausturgarð'

Hér ræður samt ekki bara greinir. *Aed* 'garður' þýðir margt í eistnesku, meðal annars 'grindverk' (eins og í íslensku) og þess vegna þarf að hafa tegund garðs tilgreinda.

- (15) þegar við ökum framhjá staðnum (bls. 19)  
kui me parajasti ōnnetuspaigast mööda sōidame  
'þegar við núna sem stendur frá slysastaði framhjá keyrum'

Síðan eru hér tvö dæmi þar sem bætt hefur verið við skýrandi orði.

- (16) /--/ og koma afleggjurunum í mold (bls.29)  
kaasasolevad istikud mulda istutada  
'meðverandi afleggjarar í mold rækta'
- (17) Við Jósef verðum þá bara á gistiheimilinu. Hann talar eins og upp úr gamalli bók, líkt og einungis sé um eitt slíkt að ræða í borginni. (bls.39)  
Me Joosepiga oleme siis lihtsalt linna külalistemajas. /--/  
'Við með Jósef verum þá bara borgar í gistiheimilinu'. /--/

Hér ræður ekki heldur bara greinir. Vegna næstu setningar þarf að koma fram eitt ákveðið gistiheimili og lausnin hér er að bæta við orðinu *linn* 'borg' í eignarfalli.

Auk málfræðilegra ástæðna þarf líka að bæta við orði til að ná áherslunni í textanum. Viðbætt orð af þessu tagi auðga eistneskan textann töluvert. Langoftast eru þessi orð atviksorð eins on sýnt er í þessu dæmi.

- (18) tekur langan tíma, /--/ heila eilífð (bls. 29)  
läheb kaua aega, /--/ lausa terve igavik  
'fer langan tíma, /--/ jafnvel heila eilífð'



Hér er gott að nota áhersluorð *lausa* í eistnesku en orðið merkir ‘jafnvel’ og passar mjög vel í setningu af þessu tagi.

- (19) Með því að dvelja við aukaatriðin í sviðsmyndinni, eins og maður grandskoðar fyrst bakgrunn málverks, áður en maður kemur að sjálfu myndefninu, þá slæ ég dauðastund mömmu á frest (bls.20)

/--/ panen ma ema surmatunni esialgu ootele  
‘sett ég mömmu dauðastund í bili á bið’

Sérstaklega vegna upptalningar nafnorða á undan passar *esialgu* ‘í bili’ hér eðlilega og gerir setninguna fegurri í eistnesku.

Stundum þarf að bæta við fornöfnum.

- (20) Ég er ekki eins og pabbi sem er fæddur eiginmaður (bls. 45)  
Ma ei ole nagu mu isa, kes on sündinud abikaasa  
‘Ég er ekki eins og minn pabbi, sem er fæddur eiginmaður’

Hér þarf að bæta við eignarfornafni *mu* ‘minn’ annars væri merkingin *pabba* bara ‘einhver pabbi’ en átt er við pabba aðalpersónunnar. Afar algengt er að bæta þurfi við fornöfnum í eistneskan texta.

Eins algengt og að bæta við fornöfnum í eistnesku þýðingunni, er líka að sleppa þeim, sérstaklega persónufornöfnum. Þessar upplýsingar felast í sögnum þar sem endingar sagna sýna persónu: í öllum persónufornöfnum eru endingar ólíkar í eistnesku. Dæmi:

- (21) Ég finn hvað ég er þreyttur (bls. 40)  
Tunnen, et olen nii väsinud  
‘Finn, að er svo þreytt’

Endingin *-n* á eistneskum sögnum er ending á 1. persónu eintölu. Þannig hljóma setningar oft eðlilegar, með persónufornöfnum hljómuðu þær sem ónauðsynlegar endurtekningar og þess vegna vont málfar. *Vásinud* ‘þreytt’ er í lýsingarhætti þátíðar í eistnesku.

- (22) Ég er enn með kveðjuveisluna í maganum og mér finnst (bls. 19)  
Mul on /--/ ja tundub  
‘Mér er /--/ og finnst’

*Að finnast* er líka ópersónuleg sögn í eistnesku. Í þessari setningu er *ég* einu sinni tekið fram og í báðum tilvikum í þessari setningu eru frumlög ekki gerandi. Sagnir í eistnesku eru báðar í 3. persónu eintölu þar sem frumlög eru skynjandi eða þolandi og aukaföll á persónufornöfnum tilheyra í sama fallhópi í eistnesku en fallhópur heitir ytri staðarföll (e. *exterior local case*) : mul on ‘ég er’ (fallið heitir *adessive case* á ensku og hefur fallendingu *-l*) og mulle tundub ‘mér finnst’ (sem heitir á ensku *allative case* og hefur endingu *-le*), þannig að það yrði óþarfi að nota fornafnið *mulle* á undan sögninga *tundub* ‘finnst’, af sömu ástæðum og í dæminu á undan.

### 3.3 Orðfræðileg þýðingarvandamál

#### 3.3.1 Þýðing milli orðaflokka

Oft þurfti þýða milli orðaflokka, sbr. 3.2, oftast þannig að sagnir í íslensku eru þýddar með nafnorði í eistnesku eins og sýnt er í dæmum (23) og (24).

- (23) Hann talur eins og upp úr gamalli bók (bls. 39)  
Tema jutt oleks nagu vanast raamatust  
‘Hans umtal væri eins og úr gamalli bók’
- (24) Ekki að það sé neitt stórmál að deyja (bls. 29)  
Üleüldsegi pole suremine mingi suur asi  
‘Yfirleitt er ekki dauði neitt stórt mál’

Í eistnesku eru oft til tvö nafnorð fyrir sama fyrirbæri, venjulegt og algengt nafnorð sem hér fyrir ‘dauði’ væri *surm* en þá er líka til samsvarandi nafnorð sem er búið til með því að taka stofn sagna og bæta við viðskeyti *-mine: surema + mine* ← *sure* er stofn + viðskeyti *-mine = suremine*, sem passar hér betur af því að viðskeytið *-mine* táknar athöfn (sbr. líka dæmi 6).

- (25) eins og kvikmyndatökumaður að taka loftmynd úr krana (lk. 19)  
justkui filmioperaator ðhus kraana peal vötteid tegemas  
‘eins og kvikmyndatökumaður í loftinu krana á mynd taka’

Samsett orð *loftmynd* virka ekki í eistnesku eins vel og í frummálinu. Hér er miklu eðlilegra að nota *ðhus* ‘í loftinu’, sem táknar þá staðsetningu.

- (26) Áhyggjur hans eru yfirþyrmandi (bls. 29)  
Tema muretsemine läheb alati üle igasuguste piiride  
‘Hans áhyggjur fara alltaf yfir alls konar landamerki’

Fyrir orðið *yfirþyrmandi* er best að nota þetta algenga orðasamband í markmálinu, ‘fara alltaf yfir alls konar landamerki’ að koma til skila hversu sterk merkingin er. Það er ekki til nákvæmt samskonar orð í markmálinu, nálægasta orðið í sama orðaflokki væri *tohutu* ‘risastór’, en orðið virkar ekki eins sterkt og hefur ekki eins sterkt áhrif og orðasambandið. Um þýðingu orðasambanda verða fjallað frekar í kafla 3.3.4.

Af því að nafnorð á íslensku hafa málfræðilegt kyn en ekki í eistnesku þá þarf að þýða mörg orð, sérstaklega fornöfn, milli orðaflokka og í þýðingu verða þessi orð að nafnorðum, sbr. eftirfarandi dæmi.

- (27) Hún hefur lagt pakkann frá þabba ofan á sængina. Hann er pakkaður /--/  
(bls. 34)  
Ta on isalt saadud paki teki peale pannud. Kink on  
pakitud

‘Hún hefur frá pabba fengið pakkann sængina ofan á sett. Gjöf er pakkað’

Í eistnesku er í 3. persónu eintölu notað annað hvort *tema* eða *ta* (sem er stutt form fyrir orðið *tema*) ‘hún/hann’ þegar um lifandi verur (manneskjur og dýr) er að ræða. Engin munur eru á kynjum. *See* ‘það’ er notað fyrir hluti sem eru ekki lifandi. Til þess að forða yfínotkun og endurtekningum á *see* ‘það’ eru nafnorð notuð helst.

(28) Sú sem hjálpar mér að háttá mig /--/ (bls. 29)  
Naissoost haiglatöötaja, kes mul /--/ lahti riituda aitab  
‘Kvenkyns spítalastarfsmaður, sem mér opið klæða hjálpar’

Hér þarf kynferði persónunnar líka að koma fram í þýðingunni og þess vegna hefur ábendingafornafn verið þýtt sem nafnorð með viðbættri einkunn í eistnesku: *naissoost* ‘kvenkyns’ *haiglatöötaja* ‘spítalastarfsmaður’. Bara *naine* ‘kona’ myndi ekki duga þar sem ekki hafði áður í textanum verið talað um neina konu og merkingin væri þá ‘einhver kona’.

### 3.3.2 Þýðing sagna

Merkingu sagna þarf að skoða sérstaklega. Höfundurinn notar sumar sagnir á annan hátt en venjulega, í óvenjulegri merkingu. Eins og nefnt var áður í kafla 2.2, er stíll textans þannig að blæbrigði orða skiptir miklu máli og það kemur best fram í sögnum og sagnanotkun. Þýðing á mörgum sögnum yfir á markmálið fer þess vegna oftast eftir samhengi þar sem önnur orð í setningum geta breytt þýðingu og merkingu sagna töluvert. Sumar sagnir eru einfaldlega ekki til í markmálinu og sagnanotkun sumra sagna er takmörkuð eftir samhengi. Hér eru tvö dæmi um óvenjulega sagnanotkun.

(29) ég ákveð að það hafi haustað snemma (bls. 20)  
mulle näib, et sügis on vara kohale jõudnud  
‘mér sýnist, að haustið hefur snemma til staðar náð’

*Ákveða* er hér skynjun aðalpersónunnar og þess vegna er sögnin þýdd sem ópersónuleg – *mulle nāib* ‘mér sýnist’. Auk þess er sögnin *hausta* ekki til í markmálinu þannig að hér verður sögn þýdd sem nafnorð.

- (30) himinninn bláanar upp um sexleytið  
taevas tōmbub kella kuue paiku siniseks  
‘himinn dregur klukkan sex leytið að bláum’

Hugsanlega er sögnin *blána upp* tilvísun til dauðans þar sem notuð er ekki bara sögnina *blána*. Til dæmis bláanar andlit fólks upp þegar það nær ekki andanum. Þess vegna verður líka þýtt beint: *tōmbub siniseks* ‘dregur að bláum’ sem gefur einmitt í skyn tengingu dauðans.

Hér eru tvö dæmi þar sem samhengi ræður í þýðingu sagna.

- (31) til að kanna hvað býr undir yfirborði heimsins (bls. 43)  
et uurida, mida kōike maailma pealispinna all leiduda vōib  
‘til að kanna, hvað allt heimsins yfirborði undir finna má’

Í staðinn fyrir sögnina *búa* er eðlilegra að nota *finna: leiduda vōib* ‘finna má’ sem passar tiltakanlega vel í þessu samhengi.

- (32) sé ég fyrir hugskotssjónum (bls. 25)  
kangastub mulle  
‘kemur fyrir hugskotssjónum fyrir mig’

Sögnina *kangastuma* er ekki hægt að þýða beinlínis yfir á íslensku en nákvæmasta þýðingin væri ‘kemur fyrir hugskotssjónum’. Sögnin er ópersónuleg og merkir að einhvers konar mynd dúkkar upp í hugann algerlega óvænt án þess að viðkomandi stjórnir því.

### 3.3.3 Þýðing lýsingarorða og atviksorða

Mörg atviksorð koma mjög oft fyrir í textanum; *síðan, oft, einmitt, engu að síður* eins og dæmi má nefna. Það gengur ekki alltaf að þýða þau alveg eins í öllu samhengi þar sem þau geta þýtt svo margt. Sama má segja um lýsingarorð eins og *laust* og *talsvert* þar sem þýðingin fer eftir samhengi. Í markmálinu telst heldur ekki vera góður stíll að endurtaka sömu orð aftur í sömu setningu eða í nálægum setningum nema það sé nauðsynlegt eða jafnvel ætlast sé til þess. Þannig að ef samheiti er til þá er best að nota það. Orðið *síðan* er til dæmis notað mikið í merkingu ‘þá’ og ‘á eftir’.

- (33) Síðan læt ég þabba hafa (bls. 40)  
Siis annan isale  
‘Þá gef til þabba’
- (34) Síðan ætlaði hún að bjóða okkur /--/ uppá (bls.19)  
Pärastpoole tahtis ta meile /--/ þakkuda  
‘Á eftir vildi hún okkur /--/ bjóða uppá’

Hér eru svo dæmi sem sýna margbreytilega merkingu lýsingarorðsins *laus* í íslensku og hvernig það var þýtt á mismunandi hátt eftir samhengi.

- (35) einhver renni fingrunum snögg og laust í gegnum hárið (bls. 32)  
keegi libistab sörmed kiirelt ja vabalt läbi juuste  
‘einhver rennir fingrunum snögg og frjálst gegnum hárið’
- (36) strýk laust yfir kviðvöðvana (bls.34)  
libistan kergelt üle kōhulihaste  
‘strýk létt yfir kviðvöðvana’
- (37) ýti laust á skurðinn (bls. 34)  
vajutan tasakesi haavale  
‘ýti rólega á skurðinn’

### 3.3.4 Myndmál, orðatiltæki og orðasambönd

Skáldsagan er full af orðatiltækjum, föstum orðasamböndum og myndmáli. Þýðing á myndmáli var ekki eins flókin og þýðing á sumum orðasamböndum og orðatiltækjum. Mörg orðasambönd er flóknara að þýða, það gengur ekki að þýða þau beint orð fyrir orð af því að það yrði auðveldlega óskiljanlegt fyrir eistneska lesendur. Ekki er heldur hægt að finna fyrir þau nákvæm orðasambönd í eistnesku. Það er örugglega ekki tilviljun að erfið orðasambönd þess eðlis eru stuðluð. Hér þarf í rauninni að einfalda þau í þýðingu og fyrst og fremst þýða merkingu þeirra, þ.e. umorða þau alveg þannig að þau beri í sér sama vægi í eistnesku eins og þau bera í íslensku.

(38) bera saman bækurnar sínar (bls. 24)  
hakkavad omavahel asja arutama  
'(þau) byrja milli sín mál að ræða'

(39) til að spjara mig á eigin spýtur (bls. 38)  
et sellega iseseisvalt toime tulla  
'að með þetta sjálfstætt ráða við að koma'

(40) læst ég hafa öðrum hnöppum að hneppa (bls. 25)  
näitan, et mul on muudki teha  
'sýni ég, að mér hefur annað að gera'

Af því að í textanum eru mörg orðasambönd notaði þýðandinn líka orðasambönd í þýðinguna þar sem í íslensku var ekki beinlínis orðasamband notað, eins og í dæmi (26), til að halda sama takt í stílnum.

## 3.4 Menningarleg þýðingarvandamál

### 3.4.1 Séríslensk náttúra og þýðing á náttúruorðum

Náttúrulýsingar eru allvíða í textanum með tilheyrandi notkun orða sem vísa til náttúrunnar. Aðalpersónan gefur lýsingu á henni stöðugt í sögunni, oft með minningum sínum. Náttúran hefur sennilega mikilvægt hlutverk fyrir frásögnina, að skapa skýrar

andstæður milli Íslands og útlanda og hefur með því ákveðin áhrif á lesendur og skilning sögunnar. Náttúra Íslands og Eistlands er gerólík og þess vegna er erfitt að þýða þessi orð. Mörg þannig náttúruorða eru til í vísindalegri merkingu í eistnesku en þannig orð eiga að mestu leyti ekki heima í fagurbókmenntatextum. Finna þurfti öðruvísi lausnir.

- (41) Við ökum hljóðir áfram í gegnum hraunið. (bls. 19)  
Me jätkame vaikides sōitu läbi laavaväljade.  
‘Við höldum áfram (vera) hljótt ökutúr gegnum hraunvelli’.

Orðið *hraun* í beinni þýðingu *laava* væri ekki eins skiljanlegt fyrir eistneskan lesanda en orðið táknar fyrst og fremst rautt hraunstreymi. *Laavaväljad* ‘hraunvellir’ passa miklu betur og vísa líka í stærð hrauns.

- (42) ég sé fyrir mér /--/ fjólurauð laufin á nokkrum hríslum í nágrenninu,  
gylltan mosann.  
ma näen /--/ lillakaspunaseid lehti lähedalasuvail üksikutel madalatel  
oksarootsudel, kuldset tihedat samblavaipa.  
‘Ég sé /--/ fjólurauð lauf á nærverandi fáeinum lágum  
greinagrein, gyllta þykka mosabreiðu’.

Þýðandinn bætti við lýsingarorði: *lágur* við *hríslur* og *þykkur* við *mosa* til að hjálpa lesendum að draga skýrari mynd af náttúrunni. Auk þess er *hrísla* þýdd sem *oksaroots* sem er samsett orð, *oks* merkir ‘grein’ og *roots* ‘leiðinleg/breysk grein’. Samsetta orðið hljómar skáldlegt og passar þannig vel inn og skýrir náttúruna enn betur. *Tihe samblavaip* ‘þykk mosabreiða’ gefur líka betri hugmynd hversu þykkur íslenskur mosi er, eistneskur mosi er ekki eins þykkur; auk þess skapa þessi viðbættu orð skáldlegan blæ.

### 3.4.2 Tilvísanir í íslenska menningu

Í skáldsögunni má finna margar ólíkar tilvísanir í íslensku menningu. Til dæmis kemur miklivægi hafsins oft fram í textanum – aðalpersónan var sjómaður þegar hann var nokkrum árum yngri og endurspeglar tímann á sjónum í minningum sínum. Eistland er



líka staðsett við sjóinn þannig að þessi orð tókst að þýða án stærra vandamála.

Næsta dæmi um tilvísun í íslensku menningu er áhrif ensku á íslenskt hversdagslegt tal. Ensk áhrif eru líka mikil í Eistlandi og þýðandinn ákvað að hafa þau tvö ensku orð *sorri* og *defíneitlí* (bls. 27) sem finna má í textanum eins og þau eru skrifuð hér – rituð samkvæmt eistneskri stafsetningu *sorri* og *defínitlí* í þýðingunni.

Sérstaklega þarf að taka fram tilvísanir í íslenska bókmenntatexta sem koma fram í skáldsögunni:

- (43) stökkur og brothættur, eitt eilífðar smáblóm (bls. 26)  
kergesti pooleksmurduv, úks igavikuline habras ðis  
‘létt brothætt, eitt eilífðar viðkvæmt blóm’

Hér lenti þýðandinn óvænt í því að þýða þessi orð, *eitt eilífðar smáblóm*, úr *Lofsöngnum*, þjóðsöng Íslendinga, þar sem hann hefur örugglega ekki verið þýddur yfir á eistnesku, eða að minnsta kosti var ekki hægt að finna upplýsingar um það. Þessi orð voru þýdd *úks igavikuline habras ðis* ‘eitt eilífðar viðkvæmt blóm’. Þar sem orðið *smáblóm* er ekki til í eistnesku ákvað þýðandinn að setja saman lýsingarorðið *habras* ‘viðkvæmt/stökkt’ og nafnorð *ðis* ‘blóm’. Eistneskir lesendur sem þekkja ekki texta íslensks þjóðsöngsins, og búast má við að flestir þekki hann ekki, missa þessi tengsl. Samt hljóma þessi skáldlegu og hátíðlegu orð (sérstaklega *igavikuline* ‘eilífðar’) svo eðlilega í þessum texta og fara vel með stílnum þannig að þau passa náttúrulega inn. Þýðandanum finnst að viðbætt útskýring væri ekki eðlileg og þess vegna óþarfi.

Hin tilvísunin krafðist hins vegar skýringar. Hér er bréf til aðalpersónunnar frá pabba sínum:

- (44) Við Jósef sendum þér hlýjar kveðjur um leið og við óskum þess að þessi tilgerðarlausu náttföt komi að góðum notum í „eilífum stormbeljanda“ (innan gæsalappa á kortinu) útlanda. (bls. 35)  
Me Joosepiga saadame sulle soojad tervitused ja soovime ühtasi, et see tavaline pidžaama läheks asja ette välismaa „igavestes tormituulkeeristes” nagu kõlab värss ühest tuntud

Halldor Laxnessi luuletusest.

‘/--/ að þessi venjuleg nattföt fari mál fyrir útlanda „eilífum stormvindasnarsnúningum“ eins og hljómar erindi úr einu þekktu Halldors Laxness ljóði’

Athugasemdin (*innan gæsalappa á kortinu*) var afgerandi fyrir að hér væri hentugt að bæta við útskýringu til að lesendur skilji hvað er átt við. Útskýringin kemur þá í staðinn fyrir athugasemdina.

### **3.5 Samantekt**

Í þessum kafla var rætt um helstu þýðingarerfiðleika. Dæmin sem nefnd voru sýna skýrt að þýðingavandamál eru ýmis konar – beygingaleg, setningaleg, menningarleg og jafnvel jarðfræðileg. Til þess að finna bestu lausnirnar í þýðingu þurfti að taka tillit til allra þátta skáldsögunnar í þýðingarferlinu.

## Lokaorð

*Afleggjarinn* er mjög áhugaverð bók, efni hennar, stíll og orðafar gera bókina að skemmtilegum og áhrifaríkum lestri. Það var ekki auðvelt að þýða þennan texta á eistnesku en þýðandinn naut þess virkilega. Eistneska og íslenska eru mjög ólík tungumál og texti skáldsögunnar skrautlegur og þessir báðir þættir gera það að verkum að verkefnið var ekki það léttasta. Auk þess er þýðingin meðal fyrstu þýðingarverka á fagurbókmenntum sem nemandinn hefur tekið sér fyrir hendur.

Í greinagerðinni með þýðingunni kom skýrt fram að marga hluta beggja tungumála þarf að hafa í huga til að finna bestu lausnirnar á þýðingarferfiðleikum sem koma fram í þýðingarferlinu. Verkefnið kenndi þýðandanum ótrúlega og ómetanlega mikið bæði um íslensku og móðurmál sitt og var yfirleitt án efa mjög gagnleg raunhæf reynsla.

## Heimildaskrá

Auður Ava Ólafsdóttir. 2012. *Afleggjarinn*. Bjartur, Reykjavík.

Ástráður Eysteinnsson. 1996. *Tvímæli. Þýðingar og bókmenntir*. Bókmenntafræðistofnun. Háskólaútgáfan, Reykjavík.

Björn Þór Vilhjálmsson. 2008. Líkamar, rósir, dauði. *Tímarit Máls og menningar* 69,4:101-107.

Nida, E. 2004 Principles of Correspondence. Lawrence Venuti (ritstj.): *The Translation Studies Reader*, bls. 153-167. Routledge, New York.

Reiss, K. 2004 Principles of Correspondence. Lawrence Venuti (ritstj.): *The Translation Studies Reader*, bls. 168-179. Routledge, New York.

## Heimildir af vef

*Bókmenntir.is*. 2011. Úlfhildur Dagsdóttir skrifar um verk Auðar Övu Ólafsdóttur. Sótt á 22. apríl 2015 af [http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3903/6066\\_read-26493/RSkra-407](http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3903/6066_read-26493/RSkra-407)

*Bókmenntir.is*. Sótt á 22. apríl 2015 af [http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3903/6066\\_read-26490/RSkra-407](http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3903/6066_read-26490/RSkra-407)

Einar Falur Ingólfsson. 2007. Óður til karlmansins. *Morgunblaðið*, 8. desember. Sótt á 22. apríl 2015 af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1179461/>

*Miðstöð íslenskra bókmennta*. Auður Ava Ólafsdóttir. Það er hlutverk skálda að misskilja tungumálið. Sótt 25. apríl 2015 af <http://www.islit.is/vidtol-vid-hofunda/nr/1229>

*Stofnun eistneskrar tungu*. Sótt á 22. apríl 2015 af <http://www.eki.ee/books/ekk09/index.php?p=3&p1=1>, <http://www.eki.ee/books/ekk09/index.php?p=4&p1=3>

*Þjóðleikhúsið*. Heim / Bak við tjöldin / Listafólk / Höfundar. Sótt 22 apríl 2015 af <http://www.leikhusid.is/leikhusid/listafolk/adstandandi/1148/audur-ava-olafsdottir>

## Veforðabækur

[www.snara.is](http://www.snara.is)

<http://islex.is/>

[enet.animato.ee](http://enet.animato.ee) (Ensk-eistnesk-ensk orðabók)

*Eistneska stafsetningarorðabókin* [www.keelevaara.ee](http://www.keelevaara.ee)

*Stofnun eistneskrar tungu* <http://portaal.eki.ee/>

Neli

Me jätkame vaikides sõitu läbi laavaväljade. Mul on ikka veel hüvastijätupidu kõhus ja tundub, et pakitsus, mille tagamaid tuleks ilmselt otsida tollest rohelisest kastmest, on muutumas kestvaks valuks; siinsamas kusagil keset laavavälju, üldsegi mitte kaugel kohast, kus ema autoga üle katuse käis. Ma tean kurvi, kus auto teelt välja sõitis, seal on väike rohuga kaetud nõgu, ma justkui näeksin väga selgelt kohta, kus ema autorusudest välja lõigati.

- Sinu ema ei oleks pidanud enne mind siitilmast lahkuma, kuusteist aastat noorem inimene, ütleb isa, kui me parajasti õnnetuspaigast mööda sõidame.

- Ei, ta poleks tõesti pidanud enne sind siitilmast lahkuma.

Emale tulid kord sellised mõtted pähe nagu marjuleminek oma sünnipäevahommikul, hiiglama vara, kuskile müstilisse lemmikkohta; seetõttu tuli tal läbi laavavälja sõita. Pärastpoole tahtis ta meile, oma poistele, nagu ta isa, mind ja Joosepit kutsus, vahukoore ja värskeltkorjatud mustikatega vahvleid pakkuda. Ma saan alles nüüd aru, kui keeruliseks võis teinekord osutuda, kui peres on ainuüksi mehed ja mitte ainsatki tütar.

Ma võtan endale aega, enne kui lähenen emale katusele keeratud autosse, mis asub laavamaastikul lohus. Ma annan endale tõepoolest aega üksikasjalikult loodust uurida, pikalt ringi uudistada, justkui filmioperaator õhus kraana peal võtteid tegemas; enne kui ma ema endani jõuan, peanäitlejannani, kelle ümber kõik keerleb. On seitsmes august ja mulle näib, et sügis on vara kohale jõudnud. Seetõttu näen ma looduses palju punast ja lõõmavkuldset, ma näen õnnetuspaigal ainult punase värvi eri toone: roostepunast marjapuhmast, verepunast taevast, lillakaspunaseid lehti lähedalasuvail üksikutel madalatel oksarootsudel, kuldset tihedat samblavaipa.

Emal aga oli seljas veinipunane nõõpidega kampsun ja kuivanud verd ei olnud enne näha kui isa kampsuni kodus vannis ära loputas. Kuni ma selles stseenis piasiasjadele keskendudes peatun, justkui kõigepealt maaliteose tagatausta takseerides enne põhiteema enda juurde minemist, panen ma ema surmatunni esialgu ootele, nii venitan ma aega pikemaks kuni tolle vältimatuni, hüvastijätuhetkeni.

Vahest on stseen selline, et ema on ikka veel autorusude vahel või siis on ta just autost välja lõigatud ja pikali maha asetatud. Ma otsustan, et see toimub tasasel pinnal

sealsamas lohus, kus oleks justkui kaks mätast ära lõigatud ja seejärel haava eest hoolt kantud, sellesse kohta heidavad nad ta üliettevaatlikult pikali maha. Minu peas on ta selles hetkes teinekord veel elus ja vahel juba surnud. Isa sõidab nii aeglaselt, et ma saan tolele enda istutatud puule, mägimännile, pilgu peale heita, puu on ikka samas kohas, kus ma selle tookord maasse torkasin, katse metsa istutada keset ebaühtlast laavavälja; üksik puu kidura taimestikuga kivipinnases, niiviisi pühitsen selle koha emale.

- On su külm? küsib isa ja keerab konditsioneerid kõige tugevama kuumuse peale. Autos on täielik leitsak.

- Ei, mul pole külm.

Küll aga valutab mul kõht, aga seda ma isale igatahes ütlemata ei hakka. Tema muretsemine läheb alati üle igasuguste piiride, ema oli see-eest teistmoodi murelik, tema sai minust aru.

- Nonii, Lobbi, olemegi peaaegu kohal, lennukid juba paistavad.

Samal ajal kui me lennujaamale läheneme, kergitab must tekk end mäeaheliku kohal, kõige allpool on helesinise suitsupahvakuna näha algava päeva kuma, horisondil asetsev veebruaripäike kutsub esile veeaurused autoaknad.

Isa ja Joosep saadavad mu lennujaama sisse.

Isa ulatab mulle kingipaberisse mähitud paki, kui me hüvasti jätame.

- Sa tee see siis lahti, kui oled maandunud, ütleb ta. Ehk mõtled siis oma vanamehele, kui puhkama oled heitnud.

Kui ma isaga hüvasti jätan, võtan tal kõvasti ümbert kinni, aga mitte kuigi kauaks, kallistan teda ruttu ja patsutan talle seljale nagu mehed ikka. Seejärel kordan sama Joosepiga, ta läheb kohe isa juurde tagasi ja võtab tal käest kinni. Siis tirib isa pükste tagataskust välja paksu ümbriku ja ulatab mulle.

- Ma käisin pangas ja võtsin sulle veidi raha välja, kunagi ei tea mis kõik välismaal ette võib tulla.

Vaatan korra üle õla ja näen oma isa ja kaksikvenda lennujaamahoonest väljumas, isal on rahakott tagataskust pooleldi välja paistmas.

